14. janúar 2020
*Tilv.:* *1912048*

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

*Efni*: Umsögn um frumvarp til laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, 451. mál

Með tölvupósti dags. 12. desember s.l. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins segir:

> „Fjárhæðir í lögum þessum eru reiknaðar miðað við opinbert viðmiðunargengi evru, kaupgengi, eins og það er skráð hverju sinni."

Þann 9. október sl. birti Seðlabankinn tilkynningu um breytingu á gengisskráningu, þess efnis að frá og með 1. apríl 2020 verður sú breyting gerð, að Seðlabankinn mun eingöngu birta skráð miðgengi allra gjaldmiðla sem bankinn skráir og verður það þá opinbert viðmiðunargengi. Birting á kaup- og sölugengi gjaldmiðla mun hins vegar leggjast af.

Með hliðsjón af framangreindri tilkynningu er lagt til að orðið *kaupgengi* verði verði fellt niður í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Þá vill Seðlabankinn koma á framfæri athugasemd varðandi lagaskil í ákvæði frumvarpsins til bráðabirgða, en þar segir:

> „Lýsingar verðbréfa sem staðfestar eru í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, fyrir gildistöku laga þessara halda gildi sínu fram til 21. júlí 2020."

Álykta mætti af lestri ákvæðis frumvarpsins til bráðabirgða að lýsingar verðbréfa sem staðfestar eru í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti, falli úr gildi eftir 21. júlí 2020 og skipti þá heldur ekki máli hvort þær falli úr gildi fyrir þann tíma. Er það ekki alls

kostar til samræmis við 3. mgr. 46. gr. lýsingarreglugerðarinnar, en í henni segir:

> „Lýsingar sem staðfestar eru í samræmi við landslög sem leiða í lög tilskipun 2003/71/EB fyrir 21. júlí 2019 skulu áfram falla undir þau landslög þar til þær falla úr gildi, eða þar til tólf mánuðir eru liðnir frá 21. júlí 2019, hvort heldur sem gerist fyrr."

Seðlabankinn telur í þessu ljósi að rétt sé að frumvarpið geymi ákvæði um það hvernig metið verði hvort þær lýsingar sem staðfestar hafa verið í tíð eldri laganna uppfylli skilyrði nýju laganna sem gilda eiga um þær eftir 21. júlí 2020. Er Seðlabankinn reiðubúinn að koma með tillögur að slíku ákvæði við meðferð málsins fyrir þingnefnd.

Að öðru leyti gerir Seðlabankinn ekki athugasemdir við frumvarpið og styður framgang þess.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri

Björgvin Sighvatsson
forstöðumaður